

Freðnir

30. árg. • Nóv. 2004 • Nr 75



SOROPTIMISTASAMBAND ÍSLANDS

Efnisyfirlit

Ritstjórnar línur	3
Forsetasiða	4
Aðventuhugvekja	5
Hringnum lokað	6
16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi	7
Kveðja frá Bretlandi	7
Fundargerð haustfundar	8
Hin hliðin á Munaðarnesfundinum	10
Ferðasaga á Evrópufund	12
Friðarsamningur	13
Friðarmarapön auglýsing	14
Friðarmarapön í Rúanda	15
Evrópuþing Soroptimista	16
Fréttir úr Mosfellssveitinni	16
Heimsókn systur frá Ástralíu	17
Kveðja frá Brasilíu	17
X-konurnar í Egyptalandi	18
Kveðja frá Soroptimistasystur í Skagafirði	19
Aþenuferð Jóns Odds	20
Verkefni í Snæfellsnesklúbbi	21
Fréttir úr ýmsum áttum	21
Project Independence	22
10. desember ákall forseta	23

Fregnir er fréttablað Soroptimistasambands Íslands
 Heimasíða Soroptimistasambands Íslands er www.soroptimist.is,
 opinbera netfangið er soroptimist@soroptimist.is,
 netfang stjórnar er stjorn@soroptimist.is,
 netfang upplýsingafulltrúa er pr@soroptimist.is

*Sólsetur yfir Skeiðarárjökli með Græna fjall í bakgrunni.
 Myndina tók Hólmfríður Pálsdóttir, Kópavogsklúbbi, úr náttstað í Færinesi, í ágúst 2003.*

Prentvinnsla: Prentsmiðjan Steinmark

Ritstjórnar Línur



Sigurrós
Þorgrímsdóttir

Kæru systur,

Nú þegar laufin eru fallin af trjánunum og vetur konungur genginn í garð, hefur ný ritstjórn tekið við Fregnum og er þetta fyrsta blaðið sem kemur út á hennar vegum. Við í ritstjórninni væntum mikils af okkur sjálfum, en ekki síður af systurum okkar hvar sem er á landinu, við efnisöflun og greinaskrif. Við lítum svo á, að ef blaðið á að vera áhugaverð lesning þarf það að vera fjölbreytt, þar sem blandað er saman fréttum af klúbbstarfi, skemmtiefni og ýmsum fróðleik.

Ekki er fyrirhugað að gera neinar stórvægi-
legar breytingar á blaðinu, en með nýrri
ritstjórn má ef til vill sjá einhverjar áherslu-
breytingar í framtíðinni.

Einn stærsti sameiginlegi viðburður
Soroptimista er hinn árlegi fundur í
Munadarnesi og honum er gerð nokkuð góð
skil í þessu blaði. Þar sem jólin nálgast er hér
einnig að finna efni sem tengist þessari
hátið ljóss og friðar.

Kæru systur, vetrarstarfið hjá okkur er nú
hafið og við erum tilbúnar að takast á við
ný verkefni og halda áfram með önnur. Nú
þegar við erum að skipuleggja vetrarstarfið,
er vert að hafa í huga, að við gengum í
þennan félagskap kvenna til að láta gott af
okkur leiða og vinna að bættri stöðu kvenna.
Nafnið „Soroptimist“ er sett saman úr
tveimur orðum „Soror“, sem þýðir systir, og
„Optimum“ sem hefur verið þýtt sem bestur.
Við heitum því í raun „Bestu systur“. Við
erum ekki aðeins „bestu systur“ gagnvart
hver annarri heldur gagnvart öllum systurum,
bæði í okkar samfélagi sem og í öðrum
þjóðfélögum.

Ritnefndin býður nýjan forseta, nýja stjórn
Landssambandsins og verkefnastjóra
velkomna til starfa. Við flytjum öllum
systurum og fjölskyldum þeirra bestu jóla-
og nýárskveðjur með ósk um gott og farsælt
samstarf á komandi ári.

Fyrir hönd ritnefndar,
Sigurrós Þorgrímsdóttir



Hvatning Soroptimista

Sýnum drenglyndi og verum einlægar í vináttu.
Verum reiðubúnar til hjálpar og þjónustu.
Sýnum í verki skilning og friðarvilja.
Setjum markið hátt og vinnum störf okkar
með sæmd og ábyrgðartilfinningu.

Markmið Soroptimista

Að vinna að bættri stöðu kvenna.
Að gera háar kröfur til siðgæðis.
Að vinna að mannréttindum öllum til handa.
Að vinna að jafnrétti, framförum og friði,
með alþjóðlegri vináttu og skilningi.

Soroptimistar skulu beita sér fyrir:
að veita þjónustu í heimabyggð, heimalandi
og á alþjóðavettvangi,
að taka virkan þátt í ákvarðanatöku hvarvetna
í þjóðfélaginu.

Skilafrestur

Í næsta blað Fregna, marsblaðið, er 10. febrúar.
Efni skal skilað á tölvutæku formi,
annað hvort á diskni eða í tölvupósti.
Hafdís Karlsdóttir, Löngubrekku 23, 200 Kópavogi
tekur við efni á netfangið hafdís@in.is

ForsetaSíða



Sigríður
Þórarinsdóttir

Kæru systur.

Innilegar þakkir fyrir ánægjulega daga með ykkur í Munaðarnesi í byrjun október.

Það er mikið lán fyrir okkur að stofn- að var til þessa vinafundar að hausti í samtökunum okkar. Bæði er þetta góð byrjun á starfsárinu og þar gefst systur tækifæri til að hittast, spjalla, skiptast á hugmyndum og eiga góðar stundir saman. Þetta eflir bæði klúbbana og samtökin í heild að mínu mati. Á fundinum í ár hófst greining- arstarf sem ég bind miklar vonir við. Það er einlæg ósk mín að þetta starf verði til þess að okkur takist að efla innri styrk klúbbanna, draga úr veik- leikunum, verjast ógnunum utan frá og nýta tækifærin sem gefast.

Kynning á „Vistvernd í verki“, sem Laufey B. Hannesdóttir sá um ásamt fleirum, var mjög áhugaverð og verð- ur vonandi til þess að fleiri, en þeir þrír klúbbar sem skráðu sig á staðn- um, stofni vishópa. Þetta er vissulega verðugt verkefni fyrir okkur, því allar viljum við jú ganga vel um auðlindir jarðarinnar. Áhugi okkar á þessum málaflokki vakti það mikla athygli að getið var um hann á heimasíðu Land- verndar. Um kvöldið var svo skemmt- un undir styrkri stjórn Bakka og

Seljaklúbbsins. Þar afhenti Hafdís mér forsetakeðjuna til næstu tveggja ára, svo nú er bara að standa sig. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka Hafdís kærlega fyrir hennar góðu störf í þágu samtakanna. Það er einnig ómetanlegt fyrir mig að hafa haft hennar góðu leiðsögn. Sem betur fer njótum við krafta hennar áfram í stjórninni og sem annars ritstjóra Fregna. Ég vil einnig þakka öllum þeim sem létu af embætti þann 1. október fyrir þeirra starf og býð nýja embættismenn velkomna og óska þeim velfarnaðar í starfi.

Við munum áfram starfa að friðar- málum með SI/E forseta Heidrun Konrad, sem er afar verðugt verkefni. Vonumst við til að geta, fram til vors, afhent a.m.k. 16 friðarsamninga, jafn marga og klúbbarnir eru á Íslandi. Þeir verða síðan settir í bók sem verður gefin út í Vín næsta sumar. Þar verða líka veitt sérstök friðarverðlaun fyrir besta friðarverkefnið. Þar stend- ur einnig til að hafa friðarsúlu með friðardúkkunum, sem soroptimistar um alla Evrópu og Afríku eru að út- búa. Íslenskir soroptimistar munu ekki láta sitt eftir ligga og verða með dúkkur þar.

Íslenskir soroptimistar taka líka virkan þátt í Friðarhlaupinu í Rúanda þann 15. maí 2005.

Ákveðið hefur verið að senda tvo hlaupara þangað, en það eru þær Martha og Bryndís Ernstsætur. Það er fyrir einstakan rausnarskap fráfar- andi forseta, Hafdísar Karlsdóttur, sem tveir hlauparar fara í okkar nafni og fær hún okkar bestu þakkir fyrir. Það er einlæg von mín að sem flestir, konur og karlar, sjái sér fært að fara með þeim systur. Auk maraþon- hlaupsins verður hlaupið hálfmara- þon, 3. km og 5. km skemmtiskokk.

Svo eru allir velkomnir í stuðnings og klappliðið. Það er ósk soroptimista í Rúanda að sem allra flestir komi til að beina sjónum umheimsins að friðar- málum þar og annars staðar í Afríku. Í sumar sem leið gafst mér tækifæri til að sitja sendifulltrúafund Evrópu- sambandsins í Ljubljana. Sendifull- trúar okkar gerðu honum skil í síð- ustu Fregnum og í Munaðarnesi. Að fara á svona fundi er mjög áhugavert. Þar hittir maður konur alls staðar að úr Evrópu og Afríku. Konur með alls konar lífsreynslu og misjafnar vænt- ingar. Ótrúlega gefandi og lærdóms- ríkt. Næsta sumar verður Evrópuþing Soroptimista í Vín dagana 8.-10. júlí 2005 og hvet ég ykkur til að mæta þar.

Áfram verður haldið með verkefnið „Project Independence - Women Survivors of War“ sem Ásgerður Kjart- ansdóttir mun halda utan um. Er það einnar ánægjulegt að sjá hvað klúbb- arnir eru áhugasamir með það. Þetta verkefni mun standa yfir til ársins 2007. Dagana 25. nóvember til 10. des- ember tókum við þátt í “16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi” ásamt fleiri félagasamtökum og stofnunum. Nánar er sagt frá því annars staðar í blaðinu.

10. desember ákallið í ár er helgað Æskuskjóli fyrir gleymd börn í Ho Chi Minh í Víetnam undir formerkinu “Að þjóna eru forréttindi”. Því eru gerð skil á öðrum stað í blaðinu.

Kæru systur, ég lit björtum augum til næstu tveggja ára og hlakka til að kynnast ykkur betur og starfa með ykkur. Vona að þið eigið allar friðsæla aðventu og gleðilega jólahátíð.

Með friðarkveðju,
Sigríður Þórarinsdóttir.



SOROPTIMISTASAMBAND ÍSLANDS
SOROPTIMIST INTERNATIONAL OF EUROPE
UNION OF ICELAND

Aðventuhugvekja

Í janúar 1960 gerðist stórfurðulegur atburður í litlu þorpi í Úkraínu, Tsirkuny. Illa lyktandi og ræfilslegur maður að nafni Grisha Sikalenko skaut nágrönnum sínum skelk í bringu er hann birtist einn daginn eftir 18 ára fjarveru, en allir þorpsbúar héldu að hann hefði dáið hetjudauða í síðari heimsstyrjöldinni. Raunveruleikinn var sá að Grisha hafði haldið af stað í stríðið en gerst liðhlaupi og snúið heim skömmu síðar. Móðir hans bjó til rými fyrir hann í geitastíunni undir flórnum og í átján ár dvaldist Grisha þar í ótta við að verða refsað fyrir liðhlaupið. Tvisvar á dag læddi móðirin til hans matarbita. Á veturna kól hann næstum til dauða, á sumrin lá honum nærri við köfnun af hita. Árin liðu en Grisha var of hræddur til að gefa sig fram við samfélagið. Að endingu lét hann þó verða af því og var tilbúinn til að mæta þeirri refsingu sem hann átti skilið sem liðhlaupi. En ótti hans var tilefnislaus. Sekt hans var löngu fyrnd og hann talinn hafa tekið út sína refsingu í stíunni góðu.

Oft á tímum skortir okkur mannfólkinu heilsu og kraft til að takast á við lífið því að ótti og áhyggjur stjórna lífi okkar. Við höfum áhyggjur af heilsu, börnum, heimsástandi, fjármálum - og stundum svo mjög, að áhyggjurnar verða of þungar til að bera. Er jólin nálgast aukast áhyggjur margra - með jólnunum aukast útgjöldin og um leið kvíðinn fyrir því hvort allt gangi nú upp eins og best verður á kosið.

Nú við upphaf aðventu hefst einmitt sá tími er gefur

okkur tækifæri til að hugsa um það sem færir tilgang í líf okkar og hefur þann kraft að reka burt óttann sem oft vill stjórna okkur. Koma Kristis í heiminn markaði nýtt upphaf fyrir mannkynið og veitti okkur tækifæri til að sjá hlutina í nýju ljósi, með nýjum augum. Kristur kom til að taka burt óttann og kvíðann, leysa okkur frá áhyggjum og sektarkennd og veita okkur öryggi og gleði. Spurningin er hins vegar sú, hvort við höfum hugrekki til að sjá það sem hann hefur fram að færa eða ekki.

Kristni hefur fylgt okkur Íslendingum í þúsund ár og mótað hugsanir okkar, orð og gjörðir. Við lifum engu að síður á tímum sem draga kristin gildi í efa, og jafnvel á stórhátíðum kirkjunnar, sem eiga að snúast um trúarlíf okkar, látum við allt aðrar áherslur og gildi ráða ferðinni. Aðventan og jólin eru tími

ihugunar og upplifunar á þeirri gjöf sem okkur var gefin í Jesú Kristi, gjöf kærleikans og fyrirgefningarinnar. Kannski er einmitt kominn tími til að við hættum að óttast þessa gjöf og tökum einfaldlega við henni, með þakklæti og gleði. Kannski er einmitt tími núna til að gefa honum tækifæri sem við allt of oft höfum hafnað eða vanþreyst sökum eigin vanmáttarkenndar. Kannski er einmitt tími hugrekkis upp runnin, að við þorum að taka áhættuna gagnvart almættinu og skiljum að ótti okkar er tilefnislaus. Ef ekki nú, á hamingjutíma aðventu og jóla, þá hvenær?

*Íris Kristjánsdóttir,
sóknarprestur í Hjallakirkju, Kópavogi.*

Jóla kort Soroptimistaklúbbs Grafarvogs

eru komin í sölu

Myndin Móðir í flæðarmáli - eggtempera á tré 2004 eftir Kristínu Gunnlaugsdóttur prýðir kortin að þessu sinni. Erla Stefánsdóttir orti ljóðið Móðirin við myndina og er það prentað í kortin.

Hægt er að fá kortin bæði með og án texta:
Megi ljós og friður lifa með okkur öllum
Gleðilega jólahátíð
farsælt komandi ár

Verð kortanna með umslagi er 100 kr. stk. og eru þau seld tíu saman í pakka. Allur ágóði af sölu kortanna rennur til líknarmála.

Kortin eru til sölu í versluninni Móðurást ehf. Dalbrekku 28, Kópavogi, sími: 564 1451 og einnig hjá klúbbsysturum.

Upplýsingar gefur formaður klúbbsins Ólöf Kristín Ólafsdóttir í síma: 567 5588 og Sigrún Árnadóttir í síma: 892 2619.



Hringnum lokað

Þegar ég tók við embætti sem forseti fyrir tveimur árum var mér ofarlega í huga að leggja eitthvað af mörkum til eflingar klúbbsstarfinu. Til þess að svo mætti verða þá þurfti ég að kynna hverjum klúbbi fyrir sig. Ég einsetti mér því að heimsækja alla klúbba á þessum tveimur árum, njóta þeirra forréttinda að fá að kynna ykkur öllum og ykkar klúbbsstarfi og fá tilfinningu fyrir því hvað er að gerast hjá hverjum klúbbi fyrir sig. Mér tókst ætluarverk mitt, ég lokaði hringnum með því að heimsækja systur á Austurlandi þegar þær fögnuðu eins árs afmæli sínu í september sl. og til Snæfellsnessystra fór ég í október, ásamt Hrafnhildi Briem fv. ritara Landssambandsins.

Það er gaman að sjá hve „litlu“ systur okkar fyrir austan eru öflugar, þær hafa greinilega mikla ánægju af því að hittast og verja tíma sínum saman. Þær eru það ánægðar með klúbbin sinn að þær ætla að leyfa fleiri konum að njóta hans með sér og eru nú þegar búnar að bera upp átta nýjar konur. Í Munaðarnes mættu sex klúbbsystur og er það sérlega ánægjulegt, við vitum jú að það er um langan veg að fara, lengri en fyrir okkur hinar. Þegar rætt var um það í Munaðarnesi að færa haustfundinn eitthvert annað, t.d. norður eða austur, þá sagði Kristjana frá Borgarfirði Eystri, „nei takk, þið megið ekki taka af okkur ánægjuna af því að fá að vera saman í 7 klukkutíma í bíl, það var það gaman hjá okkur, að við vissum ekki fyrir en við vorum komnar í Munaðarnes!“

Októberfundurinn hjá Snæfellsnessysturum var einstaklega skemmtilegur. Á Snæfellsnesi virðast hafa safnast saman í einn klubb allir helstu orkuboltar Snæfellsness.

Klúbbfundurinn var fullur af gleði, samkennd, fróðlegum erindum, skýrslum, bréfum sem borist hafa og ferðasögum. Þarna var góð fundarstjórn og síðast en ekki síst, nægur tími til að kynna og ræða saman, sem sé, allt sem þrýða má góðan fund. Samt tók fundurinn ekki nema tæpa 3 klukkutíma. Á fundinn kom Jón Oddur Halldórsson, silfurverðlaunahafi frá Olympíuleikum fatlaðra. Jón Oddur sagði frá ferð sinni til Aþenu og það er hann um að setja hana niður á blað til að setja í Fregnir. Hann sagði að það væri sjálfsagt og birtist hún hér aftur í blaðinu. Jón Oddur er einstaklega hlýr og gefandi persónuleiki, það var unun að sitja, hlusta og horfa á þennan fallega unga mann segja frá, hann gerði það af svo mikilli einlægni. Bakgrunnur Snæfellsnessystra er fjölbreyttur, hver kemur með sitt inn í klubbinn og gerir hann að góðum klúbbi.



Stjórnarskipti, Snæfellsnes tekur við af Kópavogi. F.v. Hafdís, Ragnheiður, Sigríður, Drífa og Hrafnhildur.

Eitt af því sem gerir Snæfellsnessystur svona samstíga er þetta góða verkefni þeirra, að styðja við bakið á Jóni Oddi. Það var einnig ánægjulegt að heyra það viðhorf, að þeim finnst að starf klúbbsystra hjá Landssambandinu muni skila sér inn í klubbinn, gera hann betri. Þær styðja svo sannarlega vel við bakið á sínum forseta, til hamingju Snæfellsnessystur!

Heimsóknir í klubbana hafa verið einstaklega ánægjulegar og gaman að sjá hin mismunandi einkenni klúbba, hver klubbur setur sitt mark á starfið og getum við allar lært hver af annarri. Þetta er styrkur samtakanna og ættu systur að gera meira af því að sækja fundi í öðrum klúbbum, ég ætla alla vega að halda því áfram að fá að koma í heimsókn.

Enn og aftur vil ég þakka ykkur öllum fyrir samstarfið síðustu tvö ár. Það að fá að kynna ykkur betur hefur gefið mér mikið og vona ég að það megi nýtast mér áfram í starfi fyrir samtökin.

Hafdís Karlsdóttir,
fráfarandi forseti SI/Í

a global voice
for women

Soroptimist International





16 DAGA áttak gegn kynbundnu ofbeldi

25 nóv. – 10 des.

Dagana 25. nóvember - 10. desember verður 16 daga alþjóðlegt áttak gegn kynbundnu ofbeldi. Dagsetning áttaksins var valin til að tengja á táknaðan hátt ofbeldi gegn konum og mannréttindi og til að leggja áherslu á mannréttindabrotin sem felast í slíku ofbeldi en 25. nóvember er alþjóðlegur baráttudagur gegn ofbeldi gegn konum og 10. desember er alþjóðlegur mannréttindadagur.

Áttakið er háð til að kalla eftir afnámi alls ofbeldis gegn konum, meðal annars með því að:

- auka vitund stjórnvalda um ofbeldi gegn konum sem mannréttindabrots
- styrkja svæðisbundið starf þeirra sem vinna gegn ofbeldi gegn konum
- koma á tengslum á milli svæðisbundins starfs og alþjóðastarfs sem miðar að því að binda endi á ofbeldi gegn konum
- mynda sameiginlegan vettvang til að þróa og deila nýjum og áhrifaríkum aðgerðum
- sýna samtakamátt kvenna um allan heim gegn ofbeldi gegn konum
- þróa aðferðir og tæki til að þrýsta á stjórnvöld að uppfylla skuldbindingar um afnám alls ofbeldis gegn konum.

Yfir 1.700 samtök í 137 löndum hafa tekið þátt í áttakinu sem hófst árið 1991. Á hverju ári er lögð áhersla á ákveðið málefni sem að þessu sinni eru tengslin á milli ofbeldis gegn konum og alnæmis. UNIFEM á Íslandi (Þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir konur) hefur hug á því að festa herferðina í sessi hér á landi og átti frumkvæði að því að leita eftir samstarfi við frjáls félagasamtök sem starfa á sviði þróunar- og jafnréttismála. UNIFEM leitaði m.a. til Soroptimistasambands Íslands og var samþykkt að taka þátt í áttakinu, enda tengist það 4. ára verkefni Soroptimista, "Project Independence - Women Survivors of War". Voru Hafdis Karlsdóttir, Kópavogsklúbbi, og Ásgerður Kjartansdóttir, Reykjavíkurklúbbi, fengnar sem tengiliðir.

Að áttakinu standa 14 önnur félagasamtök; Alnæmissamtökin, Amnesty International, Briet - félag ungra feminista, Feministafélag Íslands, Félag kvenna af erlendum uppruna, Kvennaathvarfið, Kvenréttindafélag Íslands, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Menningar- og friðarhreyfing íslenskra kvenna, Rannsóknastofnun í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla

Íslands, Rauði Kross Íslands, Stígamtót, Unicef - Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna og V-dagsamtökin. Er fjölbreytni félagasamtakanna nýtt í þessu áttaki en þau munu standa fyrir málstofum, hafa opið hús og/eða skrifa í blöðin dagana sem áttakið stendur yfir, allt eftir því hvað hentar hverjum. Soroptimistar vinna með málefnið konur og stríð og er okkar hlutverk að kynna áttakið á meðal Soroptimistasystura og skrifa jafnframt í blöðin og vekja athygli á stöðu kvenna í stríði. Jafnframt því að styðja við þarft málefni, er þátttaka Soroptimista í áttakinu liður í að kynna samtökin út á við.

Áttakinu lýkur með áskorun til stjórnvalda um að endurskoða löggjöf um heimilisofbeldi.

Vefsíða áttaksins er www.cwgl.rutgers.edu/16days/home.html
Einnig er að finna upplýsingar á vef UNIFEM, www.unifem.is

Ásgerður Kjartansdóttir
Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur.

Kveðja frá Bretlandi

Þið sem tókuð þátt í afmælishátíðinni í sumar munið vafalaust eftir afskaplega elskulegri og broshýrri konu frá Bretlandi, Kate Moore og eiginmanni hennar George. Þann 8. nóvember barst kveðja frá Kate þar sem hún þakkar íslenskum Soroptimistum fyrir gestrisnina og vinarþelið sem hún og eiginmaður hennar nutu hér. Hana langaði að sýna okkur þakklæti sitt á marktækan hátt. Hún ákvað því að styðja konu í Bosnía í gegnum Women for Women International. Þessi stuðningur hennar verður skráður sem framlag Soroptimista.

Kate er þegar komin í samband við konuna og mun leyfa okkur að fylgjast með samskiptum sínum við hana. Hún segir að þetta sé hennar leið til að segja TAKK FYRIR mótökurar hér á Íslandi.



Kate og George ásamt Sigríði forseta

Fundargerð haustfundar

Soroptimista í Munaðarnesi 2. október 2004

Mættar voru yfir 100 systur frá öllum klúbbum (105 skrifuðu sig í gestabókina).

09.00 - 11.30

Forseti setti fundinn og bauð systur velkomnar.

Hafdís Karlsdóttir, forseti, sá sjálf um fundarstjórn og bað Margréti Guðjónsdóttur og Þóru Guðnadóttur, Kópavogi, að vera fundarritara.

Kveikt á kertum

Anna Þórðardóttir, Reykjavík, kveikti á kerti fyrir fundinn, Sigurveig Kjartansdóttir, Akureyri, kveikti á kerti fyrir Landssambandið, Guðlaug Bachmann, Austurlandi, kveikti á kerti fyrir Evrópusambandið og Rannveig Thoroddsen, Bakka og Selja, kveikti á kerti fyrir Alþjóðasambandið.

Lesin markmið og hvatning

Sigríður Eyjólfsdóttir, Keflavík, las hvatningu og Dagbjört Þórðardóttir, Hafnarfirði og Garðabæ las markmið Soroptimista.

Sendifulltrúar segja frá

Kolbrún Valdimarsdóttir, Bakka og Selja sagði frá helstu atriðum af sendifulltrúafundinum í Ljubljana í Slóveníu sl. sumar. Skýrslan birtist í Fregnum.

Sigríður Ágústsdóttir, Akureyri, sagði frá friðarsamningnum og friðarbrúðinni. Nánar í Fregnum.

Kristín Sjöfn Helgadóttir, Árbæ, sagði ferðasögu og sýndi myndir frá ferðinni til Slóveníu. Skemmtu systur sér vel undir lestrinum.

Önnur mál

Kristín Sjöfn Helgadóttir, Árbæ, kynnti pakkaferð á Evrópusambandsþingið 8. - 10. júlí 2005. Ferðin er frá 5.- 12. júlí. Heildarpakkinn kostar 107.340 kr. Innifalið flug, rúta á hótél, hótél og þinggjald. Búið er að taka frá fyrir okkur 25 sæti í fluginu. Mikill áhugi virðist á þessari ferð og eru nú þegar 10 systur ákveðnar að fara. Nánari upplýsingar gefur Kristín sjálf.



Systur dást að söluvarningnum.



Fundarritarar, Þóra og Margrét.

Friðarmararþon, 15. maí 2005

Hafdís Karlsdóttir landssambandsforseti, ræddi um friðarmararþonið í Rúanda sem verður haldið 15. maí 2005. Sambandið ætlar að kosta Mörthu Ernstsóttur til að taka þátt í hlaupinu. Hafdís varð fimmtug 21. september og bað um að gestir gæfu peninga í banki í stað afmælisgjafa og þar söfnuðust 145 þúsund og ákvað Hafdís að bjóða Bryndísi Ernstsóttur, systur Mörthu, að taka einnig þátt í hlaupinu. Einnig mun Sigríður Viðis Jónsdóttir pistlahöfundur hjá Morgunblaðinu fara með og skrifa um hlaupið og kynna Soroptimistahreyfinguna í blaðinu.

UNIFEM, 25.11.-10.12, 2004

„16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi“. Hafdís og Hrafnhildur mættu á fund hjá UNIFEM í september. Fundurinn var haldinn til að kynna 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi. Þessa 16 daga verða birtar greinar í fjölmiðlum um kynbundið ofbeldi og hvað hægt er að gera til að sporna gegn því. Soroptimistar munu senda a.m.k. eina grein í blöðin um verkefni soroptimista „Project Independence - Women survivors of war“.

Verkefni Snæfellsnessklúbbsins

Stuðningur við Jón Odd. Sigríður Þórarinsdóttir, verðandi landssambandsforseti, sagði frá Jóni Oddi, skjólstaðingi Snæfellsnessklúbbsins, sem klúbburinn hefur styrkt til þátttöku í íþróttum frá 1996. Styrkurinn hefur aðallega falið í því að muna eftir tyllidögum í hans lífi og vera bakland fyrir hann. Tveimur systur datt í hug að sækja um styrk til pokasjóðs og þær fengu þá upphæð sem þær báðu um.

Úrklippubók

Hildur Háldánardóttir upplýsingafulltrúi minnti á upplýsingabæklinginn sem var kynntur á landssambandsfundinum á Akranesi í vor. Hún bað einnig um efni í úrklippubókina og sagði frá að hún hefði fengið frábæra bók frá Reykjavíkurklúbbum. Hún hvatti einnig systur til að láta vita af sér í fjölmiðlum og að láta raddir okkar hljóma.

Heimasíðan

Hafdís Karlsdóttir landssambandsforseti minnti á heimasíðuna. Þar eru alltaf upplýsingar um það sem er á döfni. Þar eru einnig eindagar og búið að setja Fregnir á síðuna. Dagskrár klúbba eru á síðunni, þar er hægt að sjá

hvar og hvenær klúbbar halda fundi og hvert fundarefnið er. Hún hvatti konur til að mæta á fundi hjá öðrum klúbbum.

Nafnalistinn

Sigríður Sveinsdóttir óskaði Snæfellsnesklúbbsi til hamingju með afrek Jóns Odds. Hún minnti á nafnalistabókina fyrir árið 2004. Hún bað konur um að skoða bókina vel og láta vita ef þeirra bók er gölluð því að það kom í ljós að nokkur eintök voru gölluð. Sigríður minnti einnig á myndabókina og reifaði það hvort ekki væri hægt að gefa þær út saman.

Kærleiksnefnd

Þuríður Schiöth lýsti tilgangi kærleiksnefndar, sem er að hlúa að veikum systur og þeim sem eiga í erfiðleikum. Akureyrarsystur eru mjög ánægðar með að hafa komið þessu af stað. Hafdís Karlsdóttir gat um systrafaðm sem var starfandi í Kópavogsklúbbsi áður og Guðný Hinriksdóttir, Árbæ, sagði að systrafaðmur væri virkur í sínum klúbbsi.

Margrét Rögnvaldsdóttir tilkynnti að hún væri með auka-blöð af Fregnum fyrir nýjar systur.

Guðrún Snæbjörnsdóttir, Mosfellssveit, las fyrir systur nokkra punkta um hið jákvæða í lífinu.

Guðrún Erla, Bakka og Selja, sagði frá því að Vigdís Pálsdóttir hafi gert friðarsamning við kennara um að ræða við börnin í tveim 9 ára bekkjum um frið og þau teiknuðu og skrifuðu um frið.

Hafdís Karlsdóttir landsambandsforseti stakk upp á að gera samskonar samning við 9 ára bekki á fleiri stöðum á landinu og í framhaldi af því að halda myndasamkeppni í tengslum við næsta Landssambandsfund.

Sigríður, verðandi forseti, sagði frá ísraelskri konu sem hún sat hjá, á fundinum í Ljubljana og spurði við hverja Íslendingar ættu í ófriði. Sigríður sagði að við ættum ekki í ófriði við aðra. Henni var þá bent á að við hefðum átt í útistöðum við Breta vegna fiskimiða okkar fyrir nokkrum árum. Sigríður hvatti til að systur hugsuðu um það hvað sé friður.

Sigríður Ágústsdóttir, Akureyri, sagði frá því að hún fór og vígði nýjan klúbb í Austurríki 4. september. Hún fór í friðargöngu með Heidrun Konrad, Evrópusambandsforseta, í broddi fylkingar. Gengið var upp á hæð. Þar er friðarbjalla sem hringt er á hverjum degi kl 17:00 til að minna á frið í heiminum. Sigríður afhenti Hafdís Karlsdóttur forseta eftirlíkingu af bjöllunni í tilefni afmælis hennar 21. september.

11.30 - 13.00

Matarhlé

13.00 - 15.30 Klúbburinn okkar og Landssambandið, framsöguerindi og hópvinna. Hafdís Karlsdóttir landsambandsforseti kynnti SVÓT kerfið. SVÓT-greining er úrvinnslutæki fyrir stöðumat í stefnumótunarvinnu sem byggir á því að draga saman og greina helstu styrkleika og veikleika í innra umhverfi ásamt tækifærum og ógnunum í ytra umhverfi. Greiningunni er ætlað að auðvelda stjórn og klúbbfélögum að koma auga á möguleika til að takast á við nýja tíma og



SVÓT greining er alvörumál.

bregðast við breyttum aðstæðum. Hvernig hægt er að gera góðan klúbb betri og skipuleggja klúbbinn/starfið þannig að úr verði góður klúbbur til framtíðar.

Skipt var í 5 hópa sem unnu samkvæmt SVÓT-greiningu. Hóparnir unnu að því í rúman klukkutíma að finna styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri í klúbbstarfinu. Þeir gerðu svo hinum hópnum grein fyrir hugmyndum sínum og voru hugmyndirnar síðan sameinaðar á veggspjöld fyrir stjórnina til að vinna áfram.

Hafdís minnti systur á að þær eru hluti af hópnum og sagðist myndu senda hverjum klúbbsi niðurstöður úr þessari vinnu svo hægt væri að halda þessari vinnu áfram í klúbbunum. Hún sagði að takmarkið væri að gera góðan klúbb betri.

15.30 - 16.00

Kaffihlé

16.00 - 17.00

„Vistvernd í verki“

í umsjón verkefnastjóra umhverfismála, Laufeyjar B. Hannesdóttur, Hóla og Fella.

Í vor tóku 6 systur úr Kópavogsklúbbsi þátt í verkefninu vistvernd í verki, ásamt Laufeyju Hannesdóttur. Var þetta tilraun til að virkja klúbbsystur í verkefninu. Verkefnið fellur undir liðinn í verkefnakjarna Alþjóðasambands Soroptimista 2003 - 2007, um að konur taki þátt í að stjórna nýtingu auðlinda og taka þannig þátt í að viðhalda fjölbreytileika náttúrunnar og koma á sjálfbærum samfélögum.

Bryndís Þórisdóttir verkefnastjóri Vistverndar í verki sagði frá verkefninu, sem varð til útfrá umræðu um sjálfbæra þróun. Hún sagði að það gerðist lítið nema við tækjum öll þátt.

Þátttakendur úr Kópavogsklúbbsi voru: Ellen Tyler, Hafdís Karlsdóttir, Lilja Guðmundsdóttir, Margrét Guðjónsdóttir, Sigrún Hulda Jónsdóttir og Þóra Guðnadóttir. Kópavogssystur sögðu frá þátttöku sinni í verkefninu og hvöttu aðra klúbba til að gera slíkt hið sama.

Laufey kynnti moltugerðarkassa meðal annars innikassa til að jarðgera matarleifar sem ekki er hægt að setja beint í útikassana.

17.10 Fundarstjóri þakkaði Laufeyju og Bryndísi fróðlegt innlegg.

Forseti sleit fundi og þakkaði konum góða fundarsetu og fundarþátttöku.

Margrét Guðjónsdóttir,
Þóra Guðnadóttir.

Hin hliðin á Munaðarnesfundinum

Það var föstudaginn 1. október að konur víðsvegar af landinu hittust í Munaðarnesi. Þrjár okkar Kópavogssystur höfðu reyndar farið á fimmtudeginum til að undirbúa komu okkar hinna. Þær voru hressar sem komu með mér í bíl uppeftir - fengu sér hvítvín á leiðinni og stoppuðu í hverri sjoppu á leiðinni í leit að Mossarella osti, því Magga Árna ætlaði að búa til dúndur eggjaköku, sem Ólympíufarar borða til að fá orku. Það var pottast og spjallað fram eftir nóttu, áður en lagst var til svefnis við undirleik rigningar og roks.

Snemma morguns mættum við á fundinn 10 systur úr okkar klúbbi og hlýddum m.a. á fróðlegt og skemmtilegt erindi sendifulltrúa. Þá var kynnt ferð til Vínarborgar í júlí 2005.

Eftir hádegismat var síðan farið í SVÓT-greiningu, en það er greiningarkerfi þar sem farið var yfir stöðu klubbanna okkar. Margt fróðlegt kom þar fram og allar voru systur sammála um að sá systrakærleikur sem umvefur okkar starf er mesti styrkur okkar. Í lok fundar gerðust svo allar umhverfisvænar og hlýddur á erindi um Vistvernd í verki.

Eftir fundinn slöppuðum við af, fengum okkur smátár meðan við máluðum okkur og klæddum okkur upp fyrir kvöldverðinn.

Í kvöldmat fengum við súpu, lambakjöt og pönnuköku í eftirrétt, ekta borgfirsk veisluföng.

Um kvöldið afhenti Hafdís með blöndu af trega og létti forsetakeðjuna til Sigríðar. Við Kópavogssystur fengum smákökk í hálsinn af stolti yfir því hve okkar kona hefur staðið sig vel í forsetaembættinu.

Systur úr Bakka og Selja stjórnðu skemmtiatriðum. Það var sungið og leikið, en hápunkturinn fannst okkur nú vera þegar Hildur okkar Hálfðanar var tekin upp í látbragðsleik. Hún átti að leika Birgittu Haukdal og við hinar áttum að geta upp á því hvern hún var að leika. Hildur fór algjörlega á kostum þar sem hún stóð gleið og fetti sig og bretti. Við giskuðum á Stebba Hilmars, Diddú, Guðrúnu Á Simonar og allt þar á milli. Hildi fannst við ótrúlega fátlausar, en við vissum fyrirfram hvern hún var að leika en máttum ekki segja það nafn.

Margar fóru heim eftir skemmtunina, en við hinar áttum góðar stundir í pottunum fram á nótt.

Næsta morgun voru fundir fyrir embættismenn klubbanna sem stóðu fram undir hádegis.

Eftir þá fundi fóru allar heim, eftir skemmtilega og vel heppnaða helgi. Þetta er í fyrsta sinn sem ég mæti á haustfund, en örugglega ekki það síðasta. Hvort sem við erum embættismenn klúbba eða ekki, þá finnum við best á þessum samverustundum hvað Soroptimistasystur eru sterkar saman.

*Þóra Guðnadóttir,
Soroptimistaklúbbi Kópavogs.*



Kristín Jónasd., Kolbrún Valdimarsd. og Vigdís Pálsd. á góðri stund.



Sigríður „verðandi“ og Hafdís „fráfarandi“.



Systur úr Snæfellsnesklúbbi styðja forseta sinn vel.



Nýir meðlimir í stjórn. Sigríður Þórarinsdóttir forseti, Sigríður Ingvarsdóttir annar varaforseti, Rannveig Thoroddsen verkefnastjóri mennta- og menningarmála, Júlía Björnsdóttir verkefnastjóri efnahags og félagslegrar þróunar, Margrét Loftsdóttir verkefnastjóri mannréttinda og stöðu konunnar og Kristín Sjöfn Helgadóttir sendifulltrúi.



Ætlum við að senda þessar þrjár sem sendifulltrúa á næsta sendifulltrúafund?



Systur úr Bakka og Selja leiddu söng við undirleik Sigríðar Sveinsdóttur



Prinsinn og Öskubuska ná saman.



Leikið af innlifun



Birgitta Haukdal eða Hildur, hvor er betri?

Ferðasaga á Evrópufund Soroptimista í Ljubljana

Dagana 1. - 6. júlí 2004

Við vorum fimm Soroptimistasystur sem héldum til Ljubljana 1. júlí. Það voru Hafdís forseti, sendifulltrúarnir okkar, þær Kolbrún Valdimarsdóttir og Sigríður Ágústsdóttir, Sigríður Þórarinsdóttir verðandi forseti og ég.

Við lentum í Trieste á Ítalíu kl. 9 að kvöldi í óskrandi rigningu. Þar beið okkar bill til að flytja okkur til Ljubljana. Þetta er eins og hálfis tíma keyrsla svo við vorum komnar á leiðarenda rúmlega ellefu. Fjórar okkar voru á Grand Hótel Union, en þar sem Hafdís var stök, varð hún að fara á annað hótél, þar sem engin eins manns herbergi voru á þessu hóteli. Við vorum ákaflega leiðar yfir þessu. Þegar við Sigga sáum hvað herbergið okkar var stórt töldum við að Hafdís gæti gist hjá okkur, en það virtist ekki vera mögulegt. Við buðum Kollu og Siddý í heimsókn um kvöldið. Þóttust þær vera ákaflega hrifnar af okkar herbergi, en eitthvað var svipurinn á þeim sposkur og sögðu þær, að við yrðum að koma í heimsókn til þeirra. Þær voru í annarri álmu sem er fyrir „bissnessfólk“, en við vorum fljótar að finna út að við kæmumst á milli álma bakdyrmegin. Þegar við sáum herbergið þeirra skildum við af hverju þær voru með þennan sposka svip. Þær höfðu stórt svefnherbergi, ennþá stærra fundahebergi, badherbergi og gestasnyrtingu svo að þar var nóg pláss, en ekki mátti flytja Hafdísi.

Á föstudagsmorgninum fórum við í skoðunarferð um borgina í rigningu. Þetta er ákaflega falleg og hrein borg og var rölt um miðbæinn með leiðsögumanni og allar helstu byggingar skoðaðar. Sigga var fljót að finna út að leiðsögumaðurinn væri tvívari hins þekkta rannsóknarlög-reglumanns Colombó. Eftir hádegi var haldið til Bled, sem er heilsuþægilegt uppi í Ölpunum. Bled er oft nefndur perla Alpanna. Þar er stórt stöðuvatn með fallettri eyju. Þangað sigldum við og heimsóttum kirkjuna á eyjunni. Þar er óskabjalla og allar létum við hana hringja og auðvitað

óskuðum við okkur. Þaðan héldum við svo í Bledkastala og skoðuðum hann. Kastalinn er frá elleftu öld og stendur á háum kletti. Þaðan er mikið og fagurt útsýni. Síðan var haldið til Ljubljana því að klukkan 7 var móttaka hjá borgarstjóra, sem er kona. Þar var spilað og sungið og nokkrar ræður fluttar. Síðan voru bornar fram ljúfar veitingar.

Á laugardagsmorgni kl. 9 hófst fundurinn, en sendifulltrúar okkar gerðu honum skil í síðustu Fregnum. Klukkan 7 um kvöldið var Federation dinner. Þar gafst ágætis tími til að blanda geði við systur frá ýmsum löndum. Fundahöldin héldu svo áfram strax á sunnudagsmorgni.

Um kvöldið var farið á veitingahús fyrir utan borgina. Það stóð til að sigla þangað á bátum, en sökum mikilla vatnavaxta í ánum var það ekki hægt, því bátarnir komust ekki undir brýrnar. Þarna var boðið upp á ágætis mat og danssýningu. Einnig var mikið spjallað.

Á mánudagsmorgninum fórum við í dagsferð til Piran og Portoroz. Piran er ein af fallestu borgum Slóveníu. Þar gengum við 147 tröppur upp í kirkjuturn. Þegar þangað var komið sáum við til Ítalíu og Króatíu. Þar var svo snæddur hádegisverður áður en haldið var til Portoroz. Okkur þótti það ansi skondið að borgarfáni Piran er mjög líkur íslenska fánanum og fór það óneitanlega fyrir brjóstið á okkur. Þegar heim á hótél var komið buðu Kolla og Siddý til veislu og áttum við þar skemmtilega stund með nokkrum systur áður en við héldum út að borða. Fórum við á skemmtilegan mexíkóskan stað. Síðasta daginn fórum við á markaðinn og versluðum smávægis, en um klukkan 2 kom bílstjórinn okkar og við héldum til Trieste og flugum þaðan beint heim.

*Kristín Sjöfn Helgadóttir,
varasendifulltrúi*



Forsetar báru saman bækur sínar í hléum á kaffibarnum.



Fríðardúkkur frá ýmsum löndum voru til sýnis



Hafdís og Giovanna Catinella Dara, fyrsti varaforseti Evrópusambandsins frá Ítalíu.

Friðar samningur

Ágætu systur.

Eins og þið allar vitið er aðalverkefni núverandi Evrópusambandsforseta, Heidrun Konrad, KONURVINNA AÐ FRÍÐI. Eitt þessara verkefna er FRÍÐARSAMNINGURINN, en það er eyðublað þar sem safnað er undirskriftum karla og kvenna um allan heim, fólks sem vill stuðla að friði í heiminum. Öllum þessum undirskriftum verður safnað saman í eina stóra bók á Evrópusambandsþinginu í Vínarborg næsta sumar.

Þetta verkefni er Heiðrunu forseta ákaflega mikilvægt. Því viljum við biðja ykkur, systur góðar, að útvega a.m.k. einn friðarsamning í hverjum klúbbsi og senda til stjórnar Landsambandsins fyrir 1. febrúar 2005. Stjórnin mun síðan sjá um að senda alla friðarsamningana sameiginlega út til Evrópusambandsins.

Það sem þið þurfið að gera, er að fara inn á heimasíðuna okkar, prenta út friðarsamninginn á íslensku í þremur eintökum á góðan pappír. Eitt eintak fær sá eða sú sem undirritar, eitt eyðublað geymið þið fyrir klúbbinn og það síðasta, sem fer í stóru bókina, sendið þið stjórn Landssambandsins. Við útfyllingu eyðublaðsins vil ég benda ykkur á að skrifa með prentstöfum, nafn og stöðu þess sem undirritar á mitt blaðið. Nedst á eyðublaðið hægra megin fer undirskrift hans eða hennar og vinstri megin fer undirskrift þess sem aflar undirskriftarinnar og nafn klúbbsins, svo og dagsetning.

Til að gefa ykkur einhverjar hugmyndir um hverjir gætu verið álitlegir til að skrifa undir samninginn eru hér nokkrar ábendingar: Þingmenn, sveitastjórnarmenn, formenn þjónustuklúbba, formenn félagasamtaka og góðgerðarsamtaka, skólamenn, rithöfundar, listamenn, embættismenn af ýmsum toga og auðvitað allir þeir sem ykkur dettur í hug. Í góðri von um góðar heimtur.

Með systrakveðju,
Sigríður Ágústsdóttir
sendifulltrúi

útbúa fyrir 1. febrúar 2005




Konur vinna að friði
Meginmarkmið Evrópusambands Soroptimista
2003—2005

Friðarsamningur
Evrópusambands Soroptimista

og

.....

sambykkja hér með að gangast undir eftirfarandi skilmála:

Að stuðla að réttlæti, frelsi, virðingu og jafnrétti fyrir alla
Að viðurkenna og virða mismunandi kynþætti, menningu og trúarbrögð
Að hafna ofbeldi í öllum myndum, virða og stuðla að mannréttindum
Að tryggja jafnrétti kynja á öllum þjóðfélagsstigum
Að sýna einhug og umburðarlyndi
Að nýta náttúruauðlindir á réttlátan hátt
Að stuðla að gagnkvæmum skilningi

Dagsetning:

f.h. Soroptimistaklúbbs f.h.

.....

.....

15 maí, 2005: Komið og takið þátt!

1. alþjóðlega maraþonið í þágu friðar í Kigali/Rúanda



11 árum eftir hið hræðilega þjóðarmord í Rúanda 1994 sem kostaði nærri milljón manns lífid, fer fyrsta alþjóðlega maraþonhlaupið í þágu friðar fram, þann 15. maí 2005 í Kigali, sem er höfuðborg þessa litla Afrikuríkis. Innan ramma verkefnisins "Konur vinna að friði" hefur Evrópusamband Soroptimista*, í samvinnu við Soroptimista í Rúanda og undir vernd og með aðstoð stjórnvalda þar, skipulagt fyrsta friðarmaraþonið.

Friðarmaraþoninu er ætlað að efla ferli þad sem stuðlar að sáttum og skilningi, ekki aðeins meðal fólksins í Rúanda, heldur einnig meðal allra Afrikubúa og alls fólks hvarvetna í heiminum.

Verndari atburðarins er Paul Kagame, forseti Rúanda.

9 daga pakkaferð: 10–18 maí 2005 kostar

frá € 1.289,-

innifalið í verðinu er flug með KLM frá Frankfurt, gisting 5 nætur á 3ja stjörnu hóteli, skoðunarferð um Kigali, hátíðarkvöldverður þegar verðlaunaafhending fer fram á hlaupadegi, ferð annaðhvort í Akagera National Park eða á górilla-slóðir þar sem gist verður 1 nótt.

* Soroptimist International (SI) eru samtök starfsgreindra þjónustuklúbba, sem ná yfir heimsbyggð alla. Samtökin sameina dugandi konur úr öllum starfsgreinum til þess að vinna að góðvild, skilningi og friði meðal þjóða. Félagar eru nú um 92.000 í 3200 klúbbum í 124 löndum alls staðar í heiminum. Á Íslandi eru 465 konur Soroptimistar í 16 klúbbum vítt og breitt um landið.



Ferdaskrifstofa sú er sér um ferdir til Rúanda er:
TopTrailTours, c/o Michael Schläbitz, Reisebüro G-Tours
50667 Köln, Schwalbengasse 46

Tel. 0221/2708960 + 9258910 / Fax 0221/2708962

TopTrailTours@t-online.de, á heimasíðu þeirra www.TopTrailTours.de er hægt að fá upplýsingar um hinar ýmsu skoðunarferdir og aðra gistimöguleika.

Allar nánari upplýsingar veitir Hafdis Karlsdóttir, sími 690 4500, tölvunetfang hafdis@in.is

Friðarmarapön í Ruanda

Alþjóðlegt marapönhlaup þar sem hlaupið verður í þágu friðar mun fara fram í Kigali, Rúanda, 15. maí 2005.

Af hverju alþjóðlegt marapön?

- Af því að í öllum löndum fanga íþróttir athygli flestra auk þess að vera öflugt sameiningartákn, þær brúa bilið á milli mismunandi stétta og kynslóða.
- Þetta marapön mun fá mikla umfjöllun í heimspressunni og ætti að draga að þátttakendur alls staðar að úr heiminum.

Af hverju Rúanda?

- Af því að eftir að hið hræðilega þjóðarmorð átti sér stað 1994 er Rúanda svo sannarlega eitt af þeim löndum þar sem tákn friðar hefur sérstaka þýðingu.
- Í Rúanda hafa fimm Soroptimistaklúbbar tekið þessari hugmynd fagnandi og vinna að undirbúningi hlaupsins, í þeirri sterku trú að þessi atburður muni stuðla að sáttum á milli þjóðarbrotanna.
- Rúandastjórn er hlynt hlaupinu og vinnur með okkur að því að tryggja að allt fari vel fram.

Í boði er fullt marapön, hálf marapön og skemmtiskokk. Marapönid er opið öllum.

Tilgangur marapönsins er:

- að vekja athygli á friðarferlinu í Rúanda
- að fræða ungt fólk um frið
- að auka alþjóðleg samskipti
- að hjálpa konum sem eru fórnarlömb stríðsins og eru höfuð fjölskyldunnar
- að efla jákvæða ímynd ríkis sem verið er að endurreisa

Þessi atburður mun vekja athygli á samtökum okkar, vera alþjóðleg rödd Soroptimista.

Verkefni þetta fellur innan ramma Evrópusambandsforseta „Konur vinna að friði“. Í hverri fjárhagsáætlun Landssambandsins er gert ráð fyrir forsetaverkefni. Á starfsárinu 2002-2003 var gert ráð fyrir kr. 150.000, en aðeins var kr. 47.771 ráðstafað þá. Á

starfsárinu 2003-2004 var aftur gert ráð fyrir kr. 150.000. Þessum fjármunum hef ég ákveðið að ráðstafa í þetta verkefni. Búið er að tala við okkar fremsta marapönhlaupara, Mörthu Ernstsóttur, og ætlar hún að hlaupa fyrir okkar hönd í Rúanda þann 15. maí á næsta ári. Soroptimistasambandið greiðir fyrir ferð og uppihald Mörthu. Þann 21. september sl. átti ég 50 ára afmæli. Jafnframt því að vera afmældisdagurinn minn, er 21. september alþjóðlegur dagur friðar. Í tilefni afmælisins afþakkaði ég allar gjafir en óskaði frekar eftir því að fólk setti peninga í bauk sem ég hafði frammi til styrktar verkefni í þágu friðar. Í baukinn komu um 145.000kr. og tók ég þá ákvörðun að styrkja annan marapönhlaupara til að hlaupa fyrir okkar hönd í Rúanda og varð Bryndís systir Mörthu fyrir valinu. Þær systur eru mjög spenntar fyrir þessu og finnst það draumi líkast að fá tækifæri til að “nota þessi hlaup sín”, eins og Martha komst að orði, til að vekja athygli á einhverju svona jákvæðu. Þær munu einnig hvetja aðra íslenska marapönhlaupara til að taka þátt í þessu hlaupi, hver veit því

nema heill hópur fari til Rúanda frá litla Íslandi. Við setjum þá enn einu sinni heimsmet í þátttöku miðað við hausatölu! Auk systranna munu eiginmenn þeirra fara og Margrét Helgadóttir, gjaldkeri Landssambandsins, ásamt eiginmanni sínum, en þau ætla að taka þátt í skemmtiskokkinu. Ég er sjálf að gæla við þá hugmynd að fara ásamt eiginmanni mínum auk þess hafa nokkrir aðrir Soroptimistar lýst yfir áhuga sínum og er Margrét Loftsdóttir, verkefnastjóri mannréttinda- og stöðu konunnar hjá Landssambandinu að leita sér að ferðafélaga.

Ég hvet ykkur til að láta þetta tækifæri ekki fram hjá ykkur fara, bæði sem þátttakendur og ekki síður sem klapplið, því lítið gaman er að hlaupa ef enginn er til að horfa á. Á næstu síðu á undan eru upplýsingar um ferðina til Rúanda. Ef þið hafið áhuga þá er ég tilbúin til að aðstoða.

*Með kveðju,
Hafdís Karlsdóttir,
fráfarandi forseti SIÍ*



Soroptimistasystir frá Rúanda ásamt Bettinu Scholl-Sabbatini, annar varaforseti Evrópusambandsins.

Evrópuþing Soroptimista

í Vínarborg 8. - 10. júlí 2005

Kæru systur,

Nú gefst gott tækifæri til að sækja Evrópuþing Soroptimista næsta sumar og kynnast systrum frá ýmsum löndum. Við höfum tryggt okkur 25 sæti í flugi til Vínarborgar í gegnum Kaupmannahöfn. Flugíð verður út 5. júlí og til baka 12. júlí. Verð á fluginu með sköttum er kr. 48.770, rúta til og frá flugvelli er kr. 2.500. Sjó nætur á Hilton hóteli er EUR 420 á mann í tveggja manna herbergi, en það gerir um kr. 37.000. Ráðstefnugjald er EUR 210 ef greitt er fyrir 1. apríl, sem gera kr. 18.700, annars EUR 240, heildarkostnaður er því um kr. 108.000. Innifalið er m.a. allir pappírar vegna þingsins, aðgangur að opunar- og lokahátíð sem og Gala dinner. Dagskrá liggur frammi hjá landssambandsstjórn og sendifulltrúum.

Nú þegar hafa 13 systur skráð sig og greitt staðfestingargjald. Þær ykkar sem áhuga hafið geta skráð sig hjá Kristínu Sjöfn í tölvupósti kristins@tolvur.is.



***Þema þingsins er:
Women building peace.
Konur vinna að friði.***

Fréttir úr Mosfellssveitinni

Klúbbstarfið er með miklum ágætum og hafa sjö nýjar systur gengið til liðs við klúbbinn á þessu ári. Við erum mjög stoltar af þessum nýju systrum okkar og hlökkum til að starfa með þeim.

Sú hefð hefur skapast að fyrsti fundur vetrarins er yfirleitt haldinn í sumarbústað og var svo einnig nú. Á föstum matseðli þessa funda er holusteikt lambalæri ásamt meðlæti. Eftirrétturinn var ekki af lakara taginu, því systur skokkuðu út í móann fyrir utan bústaðinn og komu til baka með fulla skál af bláberjum!

Á októberfundi flutti Þórdís Ásgeirsdóttir, djákni, fróðlegt erindi um starf sitt og svaraði fyrirspurnum. Erindið var gott innlegg í verkefnið „Að styrkja siðvitund og sjálfs-traust barna“. Ein systir hefur tekið að sér að þýða efni úr Link og flutt á fundum. Einnig hafa systur flutt „ego“ erindi.

Framundan er „laufabrauðsvertíðin“, en þá komum við saman og skerum út og steikjum laufabrauð sem við seljum fyrir jólin. Síðan komum við aftur saman til laufabrauðsgerðar í janúar/febrúar fyrir þorablót sem við bjóðum eldri borgurum í Mosfellssveit til, í Hlégarði, í samvinnu við önnur félagasamtök í sveitinni. Þá er gómsætum þorramat gerð góð skil, raddböndin styrkt og

þanin, rykið dustað af dansskónum og dansinn stigin fram eftir kvöldi undir dillandi tónlist hljómsveitar hússins.

Með systrakveðju frá Soroptimistaklúbbi Mosfellssveitar Guðrún Snæbjörnsdóttir



Á mynd fv.: fremri röð: Ragna Rúnarsdóttir, tækniteiknari, Lára Dröfn Gunnarsdóttir, arkitekt og Ingigerður Sæmundsdóttir, framhaldsskólakennari. Aftari röð: Íris Jónsdóttir, saumakona, Herdis Valdimarsdóttir, skrifstofumaður, Helga Sigurðardóttir, nuddfræðingur og Guðrún Erla Sumarliðadóttir, húsmóðir.

Heimsókn systur frá Ástralíu

Bjartan og fagran sunnudag í september bar gest að garði okkar systra í Reykjavíkurlúbbi. Gesturinn Jennifer McKean, lyfjafræðingur og systir í SI Geelong í Victoria, Ástralíu, kom um langan veg og hafði skamma viðdvöl í Reykjavík.

Ásta Hannesdóttir bauð okkur, nokkrum systur, á heimili sitt þennan indæla dag ásamt gestinum víðförla. Ein systur mætti í þjóðbúningi svona til að gefa samkvæminu þjóðlegan blæ. Blómum skreytt kaffiborðið í litum soroptimista fangaði augu og bragðlauka, en margt annað bar einnig á góma. Áttum við ljúfar stundir saman og fræddumst um systur þar syðra. Jennifer er margfróð kona og kunnir frá ýmsu að segja frá heimahögum sínum og klúbbstarfinu. Eins og hér, fást systur þar við fjáröflun af margvíslegu tagi. Meðal annars selja þær í bíó og eins og við leita þær nýrra leiða til að afla fjár til margra verkefna. Þær leitast við að halda klúbbstarfinu öflugum, fá nýjar systur til starfa í klúbbnum og halda uppi góðum starfsanda. Hún sagði frá skemmtilegum síð á sínum heimaslóðum, en þar kallar systir maka sinn „soroptimister“.

Jennifer hefur gert víðreist um heiminn og fer á hverju ári í langar ferðir. Hingað til lands kom hún úr ævintýraferð með rússnesku rannsóknarskipi sem siglir með hópa ferðamanna um norðurhjarann á sumrin, en um suðurskautið þegar sumarar

þar. Eftir siglingu með ströndum Grænlands, kom hún að landi í Vestmannaeyjum í hávaðaroki.

Leið svo tíminn í góðu yfirlæti hjá Ástu. Þegar kvatt hafði verið, ók ein systur með Jennifer vítt og breitt um bæinn og út á Nes. Á þeirri leið spurði hún nákvæmlega um það hvernig hagað væri uppbyggingu félagslega íbúðakerfisins því henni fannst alls staðar vera svo fint hjá okkur!

Fyrir hönd systur í Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur

Heiður Vigfúsdóttir



Húsráðendur, Ásta og Guðmundur „soroptimister“ hennar, skenkja gesti léttan sumardrykk.



Kaffiborðið er hlaðið heimagerðum krásam frá systur. Talið frá vinstri: Signý, Sigríður, Jennifer, Steinunn.

Tölvupóstur barst frá Soroptimistaklúbbi í Brasilíu þar sem óskað er eftir vinaklúbbi á Íslandi.

Þær langar að kynna því sem við erum að gera og fræðast um landið, á móti munu þær fræða okkur um sitt land og það sem þær eru að gera. Þeir klúbbar sem hafa áhuga geta sett sig í samband við Vânia Bastos Nacaxe, sem er með tölvunetfangið unagoias@rv3.com.br -

Einnig er hægt að skoða verkefnið þeirra á www.projetogladio.blogger.com.br, reyndar er heimasíðan á spænsku, hér er því ágætt tækifæri fyrir þær sem vilja æfa sig í því tungumáli.



Kveðja frá Brasilíu

X-konurnar í Egyptalandi

Í júní næsta sumar verður Kópavogsklúbburinn 30 ára. Við erum í hópi stofnfélaganna sem flestar eru nú komnar á eftirlaun. Við ráðum því sjálfar að mestu leyti yfir tíma okkar og getum mun betur sinnt hugðarfennum okkar en áður. Það hefur veitt okkur mjög mikla ánægju og lífsfyllingu að starfa í Soroptimistahreyfingunni og erum við þakklátar fyrir að örlögin skyldu leiða okkur saman fyrir þremur áratugum. Ómetanleg er sú vinátta sem þróast hefur í gegn um tíðina og hefur m.a. leitt til þess að við förum í okkar vikulegu göngutúra og skoðum náttúruna og njótum félagsskaparins með bestu systurum. Sumar í hópnum hafa yndi af ferðalögum og sögðum við frá Kýpurferð í síðasta blaði Fregna og hvernig við efldum alþjóðlega vináttu og skilning í þeirri ferð. Þar lofuðum við ferðasögu frá Egyptalandi.

Við sigldum með Prinsessu Marissu frá Limassol til Egyptalands. Þegar við komum um borð í þetta fina skip og sáum káetur okkar leist okkur ekki á blikuna. Þær voru á fimmtu hæð, mjög þröngar og litlar, með kojum. Við litum hver á aðra og spurningin var, hver var tilbúin að fórna sér og príla upp í efri koju? Ein var axlarbrotin, önnur með mjaðmarverk, þriðja fótaluin og sú fjórða mjög lofthrædd. Við vorum svo lánsamar að í hópnum var leikkona og fyrrverandi sýningarstjóri í Þjóðleikhúsinu, sem á svipstundu setti á svið smá leikþátt,

þar sem okkur var skipað í hlutverk illa haldinna gamalmenna. Leikþáttinn fluttum við fyrir yfirmenn í mótöku Prinsessu Marissu og var tjáningin hjá okkur með slíkum tilþrifum, að okkur var strax fylgt niður á fjórðu hæð, þar sem okkur voru boðnar mun stærri káetur með ágætis rúmum. Ekkert var til fyrirstöðu að við gætum flutt okkur milli hæða og var þetta mikill léttir, þar sem þarna var ekki þörf fyrir neina loftfíleika. Við nutum sólar og útsýnis uppi á dekki á sjöttu hæð, þar til tími var kominn til að skipta um föt, áður en sest var að fjögurra rétta kvöldverði, sem borinn var fram í stórum, glæsilegum sal á sjöundu hæð.

Eldsnemma morguninn eftir var lagst að bryggju í Port Said sem stendur við Suezskurðinn og biðu 8 rútur farþega skipsins, sem fluttu ferðalangana til Kairo og að Pyramídunum. Erfiðlega gekk að komast að rútnum vegna ágengni sölumanna, sem réðust að okkur um leið og gengið var frá borði. Ekið var meðfram Suezskurðinum að vestan, langleiðina til Kairo. Þvílík eyðimörk, með fáeinum hreysum og hirðingjatjöldum hingað og þangað, sem voru manna-bústaðir!! Skritið var að fylgjast með siglingu skipa um Suezskurðinn, sem við höfðum á tilfinningunni að væru að aka samhliða okkur á veginum. Áin Níl er eitt lengsta fljót í heimi, og væri hún ekki þarna væri landið óbyggilegt. Frjósamur framburður

Nílar hefur frá alda öðli skipt sköpum fyrir akuryrkju í Egyptalandi. Á þessu svæði rignir aldrei, en viðáttumiklir óshólmar og áveituskurðir sjá til þess að hægt er að rækta upp hluta af landinu sem við ókum um.

Íbúar Kairó eru um 16 milljónir og vorum við sammála um að þetta væri ljótasta borg sem við hefðum séð. Alls staðar blöstu við hálfkláruð hús, með nakin steypustyrktarjárn í allar áttir. Við fengum þá skýringu á ljót-leikanum, að meðan hús eru ekki fullbyggð þarf ekki að greiða fasteignaskatta! Utan við borgina blöstu við Giza-pýramídarnir þrír, sem byggðir voru fyrir þrjú til fjögur þúsund árum og Sfinxinn frægi. Sumum okkar fannst ópolandi ágangur sölumanna og fólksmergð skemma langþráða stemningu á þessum slóðum. Við nutum þó augnabliksins og dáðumst að og undruðumst hugvit, tækniþekkingu og byggingalist sem menn hafa búið yfir fyrir svo mörgum árþúsundum. Því næst var farið að Sfinxinum og gengið í gegn um hofið, þar sem lík konunganna voru smurð áður en þeir voru bornir til hinstu hvílu í pýramídunum.

Í Kairó fórum við í mjög athyglisverða papírusverksmiðju, sem enn í dag framleiðir papírus á sama hátt og gert var til forna og fengum að sjá hvernig framleiðslan fer fram. Þaðan gengum við yfir í hið fræga Kairo-safn, sem tók okkur margar aldir og árþúsundir aftur í tímann. Auðvelt var að fá ofbirtu í augun af öllum þeim skínandi klæðnaði og dýrindis skartgripum, sem fólk á þessum tíma hefur skreytt sig með. Múmusafnið er eftirminnilegt og er með ólíkindum að sjá hvað tekist hefur að varðveita lík þeirra faróa og drottninga sem fylltu þennan sal.

Í lok þessa eftirminnilega dags var ekið með okkur að skipinu. Seint um kvöldið settumst við aftur að dýrindis kvöldverði um borð. Siglt var um nóttina til Limassol og lauk þar með þessum ógleymanlega þætti ferðalags okkar.

Fyrirætlanir um frekari ferðalög eru í athugun og munum við leyfa ykkur að fylgjast með ævintýrum okkar.



X-konurnar Hildur, Þorbjörg, Margrét og Jóhanna við Sfinxinn og pýramídana.

Kveðja frá Soroptimistasysturum í Skagafirði

Það er farið að hausta í Skagafirðinum, systur eru mættar fullar orku eftir frábært sumar.

Síðasta vetur komu tvær nýjar systur í klúbbinn og auðga þær flóru klúbbsins, en það eru María Guðmundsdóttir, handverkskona og Magnea Guðmundsdóttir, ferðapjónustubóndi.

Níu Skagafjarðarsystur lögðu land undir fót nú í ágústlok og heimsóttu Alphen aan den Rijn, sem er vinaklúbbur okkar í Hollandi. Systur fengu höfðinglegar móttökur, gistu á heimilum systra, skoðuðu söfn og glæstar byggingar, en alltaf er það samveran við systur sem upp úr stendur eftir svona ferð.

Það var svo komið að Skagafjarðarsystur að halda fund norðansystra í haust og komu yfir 40 systur saman á Hofsósi, þar sem Vesturfarasetrið var skoðað og kaffi drukkið í „Páluhúsi“. Eftir góða stund á Hofsósi var keyrt yfir á Sauðárkrók, þar sem horft var yfir bæinn af Nöfum og helstu kennileiti skoðuð við útsýnisskifu bæjarins. Af Nöfunum virtu konur svo fyrir sér nýjan, glæsilegan íþróttavöll, sem tekinn var í notkun á Sauðárkróki í sumar, en bæði Landsmót og Unglingalandsmót UMFÍ voru hér í júlí og ágúst í mikilli veðurbliðu. Hátíðarfundur var síðan haldinn að Löngumýri, með hefðbundnum fundarstörfum, kvöldverði og samveru. Systur blönduðu svo geði að hætti Margrétar heitinnar á Löngumýri fram eftir kvöldi. Að lokum langar okkur að senda öllum Soroptimistasysturum og fjölskyldum þeirra okkar bestu jóla- og nýársóskir.

Fyrir hönd Soroptimistaklúbbs Skagafjarðar,
Fanneý Ísfold ritari.



Með Hollandssysturum.



Í búningum.



Á flugvelli.

Ferðafélagar, servéttur kort og merkimiðar



Gott verð
og gott
málefni

Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur selur góðan ferðafélagar sem við köllum ferðapokann. Pokinn er notaður til að láta fara vel um farangurinn í ferðaböskunni og kostar 1500 kr. Ómissandi í ferðalag!ð!

Við seljum einnig glæsilegar matarservéttur, 20 í pík á 400 kr. og nú er lag að kaupa servéttur fyrir hátíðarnar.

Þá erum við með gullkort og merkimiða til sölu, þrjár stærðir, sex saman í pakkla með umslögum á 300 kr. Síðast en ekki síst selur klúbburinn minningarkort.

Upplýsingar: Elin Sigurvinsdóttir - 551 3048 / 862 3048 og Erla Björnsdóttir - 551 6363 / 848 8542.

Apenuferð Jóns Odds

Kom, sá og tapaði!

Komið þið sæl. Ég heiti Jón Oddur Halldórsson, ég er 22 ára Snæfellsbæingur og ég keppti á Ólympíumóti fatlaðra sem fram fór í septembermánuði 2004 í Aþenu á Grikklandi. Ég keppti í 100m og 200m sprett-hlaupi í fötlunarflokki T35 og hafnaði í öðru sæti í báðum greinum. Mig langar aðeins að deila reynslu minni með ykkur í þessari grein.

Ferðalag

Ég flaug út 14. september kl. 08:00 um morguninn frá Keflavíkflugvelli. Eftir millilendingu og bið í London, lentum við í Aþenu um kl. 23:00 að staðartíma. Um leið og við gengum frá borði tók sjálfbóðaliði á móti okkur og leiddi okkur út af flugvellinum og í rútu þaðan sem leiðin lá í ólympíuþorpið.

Ólympíuþorpið

Ólympíuþorpið er lokað borgarhverfi í Aþenu, sem inniheldur allt til alls, matsal, sundlaug, þvottahús, nuddstofur, bíó og frjálisþróttavöll, svo eitt-hvað sé nefnt. Það fyrsta sem kom mér á óvart var hversu breiðar göturnar voru, og nærri engin bílaumferð, fyrir utan nokkra strætisvagna, sem sáu til þess að hægt var að komast á milli staða án þess að þurfa að ganga marga kílómetra. Ég segi bílaumferð því vegna lítillar bílaumferðar var hjólastólaumferðin nokkuð þung. Alltaf var hægt að sjá fólk af öllum þjóðernum bruna niður göturnar á hraða sem myndi gera mig bilveikan.

Matsalurinn í þorpinu er stærri en venjulegur fótboltavöllur og var hægt að fá þar ýmis konar mat allan sólarhringinn, t.d. grískan mat, asískan mat, ávexti, sallöt, pítsur og ef menn voru matvandir og þorðu ekki að prófa eitthvað nýtt gátu þeir alltaf farið á McDonald's eins og sannir vesturlandabúar (mjög gott sallat og jógúrt). Það var gaman að fylgjast með matarvenjum hinna mismunandi þjóða. Ef ég lenti í röð á eftir Rússunum, var lítið eftir í matborðinu þegar kom að mér. Þeir kúffylltu alltaf diskana sína og settu ávexti og annan mat í bakpokann. Það var auðsætt hverjir það voru sem vanir voru að fá nóg að

borða og hverjir ekki. Íslenski hópurinn, sem samanstóð af níu einstaklingum, bjó í íbúð með Dana og með Mexíkóá sem næstu nágranna. Flestir fengu herbergi út af fyrir sig, þar á meðal ég.

Hinn dæmigerði dagur hjá mér var þannig, að ég vaknaði svona um níu á morgnana til að borða morgunmat, svo var farið á æfingu milli ellefu og eitt og svo borðaður hádegismatur. Eftir hádegismat var hvíld fram til klukkan fimm og svo farið á æfingu milli hálfjó og hálfnú. Til þess að stytta sér stundir fram að háttatíma fóru strákarnir í skák og stelpurnar í Uno.

Keppnin

Svo rann stóri dagurinn upp, 21. september og það var komið að undanúrslitum í 100 m hlaupi. Margir hafa eflaust áhuga á að vita hvernig íþróttamönnum líður og hvað þeir hugsa daginn sem stærsta keppni lífs þeirra fer fram. Ég skal reyna að lýsa því fyrir ykkur þar sem ég hafði nægan tíma til að hugsa, því keppnin mín hófst ekki fyrr en klukkan níu um kvöldið. Það er tvennt sem íþróttamenn gera á keppnisdögum, borða og hvílast. Ef ég var ekki í matsalnum, lá ég uppi í rúmi og reyndi að hugsa ekki um keppnina. Þó viðurkenni ég að hafa fengið hnút í magann einu sinni eða tvisvar. Út á upphitunurvöll var farið tveimur tímum fyrir keppni til að hita upp, því ég þurfti að vera mættur í nafnakall 50 mínútum fyrir keppnina. Í nafnakalli yfirgaf ég þjálfarann og fékk mér sæti á bekk ásamt keppinautum mínum. Þar sat ég, setti upp sólgleraugun mín og reyndi að slaka á. Eftir um 15 mínútna bið vorum við síðan leiddir út að aðalleikvangi, sem er um 350 m ganga. Undir stúkunni á aðalleikvanginum var upphitunarhlaupabraut þar sem við gátum haldið á okkur hita rétt fyrir keppni. Þegar hingað var komið var hjartslátturinn orðinn nokkuð ör og spennustigið í líkamanum farið að hækka svo um munaði. Ég hélt mér einbeittum, hugsaði bara um það sem ég var að fara að gera og lokaði á allar aðrar hugsanir. Loksins vorum við leiddir út á braut og ég stillti blokkina



Sigurvegarrar.

mína og prófaði hana. Keppendurnir voru tilkynntir, ég lyfti upp höndunum þegar röðin kom að mér, fullur af spennu og þjóðarstolti, á meðan ég brosti mínu breiðasta, ánægður með að vera kominn alla þessa leið fyrir hönd Íslands. Okkur var síðan skipað að taka stöðu, loks reið skotið af, sem virtist vera heil eilífið og ég hugsaði aðeins um einn hlut: að hlaupa eins hratt og ég gæti. Ég kom síðan í mark á nýju Íslands- og Norðurlandameti og með næst besta tímum inn í úrslit.

Úrslitahlaupið var síðan daginn eftir, þann 22. september, þar sem ég kom annar í mark og þar af leiðandi hreppti ég silfrið. 26. september var annar orlagadagur í líf mínu þar sem ég keppti í 200 m hlaupinu, en eins og í 100 m hlaupinu, hampaði ég líka silfrinu þar. Afraksturinn af þessari keppni voru tvö silfur á ólympíumóti fatlaðra. En, eins og aðstoðarfarastjóri íslenska hópsins Ólafur Magnússon, gamall fótboltaþjálfari, hefur sagt við mig í gamansömum tóni: „Jón, þú vinnur ekki silfur, þú tapar gulli“. Og þess vegna má með réttu segja að ég kom, sá og tapaði en náði árangri sem fór fram úr flestum vonum.

Ég vil þakka kærlega öllum styrktaraðilum ÍF, mínum persónulegu styrktaraðilum og öllum sem hafa staðið við bakið á mér í gegnum þetta allt saman. Takk fyrir.

Verkefni í Snæfellsnesklúbbsi

Eitt af verkefnum okkar í Snæfellsnessklúbbsnum undanfarin ár hefur verið að styðja við bakið á og styrkja ungan fatlaðan mann, Jón Odd Halldórsson.

Jón Oddur er fæddur árið 1982 og var fyrirburi, sem gerði það að verkum að hann varð spastiskur þ.e.a.s. aukin spenna í vöðvum líkamans, aðallega fótum.

Hann ólst upp hjá foreldrum sínum og tveimur systkinum en missti móður sína 12 ára gamall. Skólagangan hófst í Grunnskóla Hellissands en að loknu grunnskólanámi hélt hann til náms í Fjölbrotaskólann á Akranesi og lauk þaðan stúdentsprófi vorið 2002. Eftir það lá leiðin í Háskóla Íslands.

Árið 1996 gafst honum kostur á að fara á Norrænt barna og unglíngamót fatlaðra sem þá var haldið í Svíþjóð. Þar keppti hann í borðtennis. Það var á þessum tímamarki sem Soroptimistaklúbbur Snæfellsness kom inn í myndina með hvatningu og fjárstyrk. Frá þeim tíma höfum við stutt við bakið á honum með kveðjum og gjöfum á merkum tímamótum í hans lífi og látið hann finna hvað okkur þykir vænt um hann og berum hag hans mikið fyrir brjósti. Við höfum einnig stutt hann fjárhagslega eftir getu. Hann hélt íþróttaiðkun áfram eftir



Sigríður Þ., Jón Oddur og Kristín, formaður Snæfellsnesklúbbsins.

Svíþjóðarferðina og hóf að æfa frjálssar íþróttir árið 1998. Er skemmst frá því að segja að síðan hefur hvert stórmótið rekið annað á erlendri grundu og núna síðast Ólympíumót fatlaðra í Aþenu. Þaðan kom hann með tvö silfurverðlaun fyrir 100m og 200m hlaup. Eftir að hann fór að sýna þennan góða árangur í íþrótt sinni hafa fleiri félagsamtök og einstaklingar lagst á árinna með okkur og styrkt hann með ýmsum hætti.

Það hefur verið afar ánægjulegt fyrir klúbbsystur að fylgjast með þessum

dugmikla unglíngi verða að fullorðnum manni sem stendur sig jafn vel í því sem hann tekur sér fyrir hendur og hann gerir. Hann hefur einnig verið duglegur að deila lífsreynslu sinni með okkur og láta okkur vita hvers virði, fyrir hann, stuðningur okkar er.

Þó að stuðningur okkar hafi eflaust ekki ráðið úrslitum í hans lífi, efumst við ekki um að hann vegur þungt á vogarskálum mannlegrar væntumþykju og það er gagnkvæmt.

Soroptimistaklúbbur Snæfellsness.

Fréttir úr ýmsum áttum

Nýir klúbbar, afmæli, vinaferðir o.fl.

Nýir klúbbar:

Nóvember 2004
Ogre-Kegums, Lettlandi
Tubize, Belgíu
Lipari-Isole Eolie, Ítalíu
Raseiniai City, Litháen
Desember 2004
Merate, Ítalíu
Janúar 2005
Leiden Aurora, Hollandi

Afmæli:

75 ára afmæli klúbbsins í Berlín, Þýskalandi,
22. - 24. apríl 2005.

Ýmislegt:

- Vinahelgi - í Budapest Ungverjalandi 18. - 21. nóvember 2004 .
- Friðarmaræðing í Rwanda, 15. maí 2005.
- Evrópuþing "Women Building Peace" í Vín, Austurríki 8. - 10. júlí 2005.
- Alþjóðlegt unglíngamót í Belgíu, tvær vikur í júlí 2005. Soroptimistar í Belgíu munu taka á móti 15 ungmönnum á aldrinum 18-24 ára (börnum, ættingjum eða vinum Soroptimista). Eyðublöð og upplýsingar eru á heimasíðunni okkar.

Íslenskir Soroptimistar styðja dyggilega við verkefnið



Í 4 ára verkefni Soroptimista fyrir árin 2003-2007 er sjónum beint að konum sem hafa orðið illa úti í stríðsátökum og þá sérstaklega í Afganistan, Bosníu og Rúanda. Tilgangur verkefnisins er að vekja athygli á stöðu kvenna í stríði og að styðja konur, sem lent hafa í stríðsátökum, til sjálfsbjargar. Verkefnið er unnið í samvinnu við samtökin Women for Women International.

Konurnar fá þjálfun til hinna ýmsu verka, fá fræðslu um rétt sinn, heilsu o.fl. Þegar þjálfun lýkur geta konur fengið lán til að koma af stað atvinnustarfsemi til að sjá sér og fjölskyldum sínum farborða. Einnig er veittur tilfinningalegur stuðningur með því að skrifa á við konurnar. Klúbbar eða einstakar systur geta skrifað á við konur í Afganistan, Rúanda eða Bosníu. Skrifa þarf bréfin á ensku, eitt bréf á mánuði í eitt ár, samtals 12 bréf. Er ljóst að konur á stríðshráðum svæðum kunna vel að meta það að einhver ókunnug manneskja í fjarlægum landi er að hugsa til þeirra og fá mikinn styrk við lestur bréfanna.

Reiknað er með að koma á fót allt að fimm hópum, í hverju landanna þriggja, á hverju ári. Í mars 2004 fór fyrsti hópurinn af stað í Afganistan. Konurnar er 20 samtals á aldrinum 18-52 ára. Þær fá bæði fræðslu um rétt sinn og svo þjálfun til ýmissa starfa eins og t.d. skartgripagerð, fatasam og bakstur. Flestar þeirra eru ekkjur eða eiginmanna þeirra er saknað. Þær eiga samtals 77 börn og er því í raun verið að styðja við næstum 100 einstaklinga í tengslum við þenna fyrsta hóp. Í Bosníu er einnig farinn af stað fyrsti hópurinn.

Óhætt er að segja að íslenskir Soroptimistar hafi sýnt þessu verkefni áhuga. Allir klúbbar hér á landi hafa stutt verkefnið fjárhagslega með myndarlegri peningagjöf til Soroptimistasambands Íslands í tilefni af 30 ára afmæli þess í vor. Söfnuðust rúmlega 400.000. Einnig hafa einstakir klúbbar og systur stutt verkefnið dyggilega. Í október höfðu samtals 480.000 krónur eða 7.000 dollarar safnast hér á landi og var upphæðin send Evrópusambandi Soroptimista sem síðan sér um að koma framlaginu í réttar hendur. Jafnframt hafa 3 klúbbar og 6 systur samþykkt að skrifa á við konur.

Þegar þetta er skrifað í lok október 2004 hefur verkefnið verið kynnt í níu klúbbum. Heimsóknirnar hafa verið skemmtilegar og gefandi þó verkefnið sé sorglegt í eðli sínu. Sem fóstura þessa verkefnis hefur mér fundist ómetanlegt að fá þetta tækifæri til að heimsækja systur víða um land og sitja fundi. Vil ég nota þetta tækifæri og þakka kærlega fyrir frábærar móttökur. Ég er mjög stolt af íslenskum Soroptimistum, þið sýnið umhyggju ykkar í verki.

Vona ég að við höldum áfram að styðja þetta þarfa verkefni.

Á vefsíðu verkefnisins www.womenforwomen.org/ProjectIndependence/ er að finna góðar og itarlegar upplýsingar.

Ásgerður Kjartansdóttir
Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur
Fóstura Project Independence - Women Survivors of War

Jóla kort Soroptimistaklúbbs Kópavogs

Soroptimistaklúbbur Kópavogs gefur út jóla kort í ár, eins og undanfarin ár og merkispjöld á jólapakka með sömu mynd. Jónína Magnúsdóttir (Ninný) hannaði kortið, en hún er klúbbfélagi.

Jóla kortin hafa verið aðaluppistaða í tekjuöflun klúbbsins, sem hefur frá upphafi stutt byggingu hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar í Kópavogi. Klúbburinn styður einnig ýmis önnur mannúðarmál.

Kortin eru afgreidd í stykkjatali og kostar hvert kort kr. 100,-. Einnig eru 5 stk. saman í pakka og kostar pakkinn kr. 500,-. Jólapakkaspjöldin kosta kr. 100,- og eru 5 stk. saman í pakka. Mögulegt er að fá merki (lógó) fyrirtækis prentað inn á kortin. Fyrirtæki og aðrir sem þurfa mikinn fjölda af kortum geta sent pöntun í tölvupósti á póstfangið: hildurh@if.is

Soroptimistakonur sjá um sölu og dreifingu kortanna. Hildur, sími: 554 0926, Guðrún, sími: 564 1409 og Ninný, sími: 565 9099.



Jónína Magnúsdóttir (Ninný) hannaði kortið.

10. desember ákall forseta

Ákall Soroptimist International 10. desember 2004 verður í samstarfi með Children of Peace International (COPI). Stofnandi COPI er soroptimisti, Binh Nguyen Rybacki frá Loveland, Colorado, Rocky Mountain svæði, SIA. Heimsækið heimasíðu þeirra: www.childrenofpeace.org. Slagorð þeirra er: Að þjóna eru forréttindi. Við ætlum að safna fé til stuðnings ÆSKU SKJÓLI Ho Chi Minh borgar í Víetnam. Þetta er heimili rúmlega 500 heimilislausra barna á aldrinum 8-18 ára. Þetta eru börn sem þeirra eigin þjóðfélag hefur gleymt, einskonar útburðarbörn og ekki þess verð að bjarga.

Þegar Víetnamstríðinu lauk 1975 einangruðust þeir frá hinum frjálsa heimi og áttu lítið af fjárhagslegum verðmætum. Einstaka foreldrar tóku að líta á börnin sem fémæti og seldu þau í þrælkun og vændi. Sum barnanna voru seld vændishringjum í Tælandi, Kambódíu og Kína. Börnin sem eru seld úr landi eru allt niður í tveggja ára gömul. Sum þessara barna eru frá sundruðum heimilum vegna skilnaðar og börn einstæðra foreldra. Sumir foreldrar og dólgar þjálfá börnin í að betla eða stela af ferðamönnum. Mörg barnanna þjást af HIV/AIDS. Þegar börnin verða „of gömul“ eða „of veik“ til að standa sig nógu vel senda dólgarnir þau aftur til HO Chi Minh borgar (HCMC) til að deyja.

Þessi börn eru ekki velkomin í HCMC. Flestir Víetnamar líta á þau sem óþarfa byrði. ÆSKU SKJÓLIÐ er eina athvarf þeirra. Ef enginn hugsar um þau lenda þau aftur

á götunni, búa undir brúm, í hreysum eða haugum. Þau halda áfram að stela, betla og selja sig. Mörg munu deyja úr HIV/AIDS.

Okkur gefst hér tækifæri til að hjálpa COPI til að takast á hendur ábyrgð á umönnun rúmlega 500 barna. Auk fæðis, hútaskjól, lækni og barnahjálpar, munum við útvega kennara, ennfremur iðnkennara fyrir börn 15 ára og eldri. Heilsugæslulíðið í búðunum verða lækni, tannlækni og hjúkrunarfræðingur. Soroptimistum getur gefist tækifæri til að heimsækja ÆSKU SKJÓLIÐ eða einhverja miðstöð COPI og rétta fram hjálparhönd t.d. við lækniþjónu eða við viðhaldsvinnu í búðunum.

Binh Nguyen Rybacki segir að COPI trúir því að öll börn eigi rétt á sanngirni í lífinu. Ef þjóðfélagið og fjölskyldan hafi brugðist þeim viljum við endureisa þau til venjulegs lífs. Venjan sem þessi börn þrá er bara að vera elskuð og að geta vaxið upp í friði.

10. des. 2004 munu Soroptimistar um allan heim safna peningum til að styrkja ÆSKU SKJÓLIÐ í þrjú ár. Samtökin þurfa fjárstuðning í þrjú ár til að fá samning við ríkisstjórn Víetnam.

Verið rausnarlegar - án aðstoðar okkar verður þessum litlu sálum fórnað.

Takk fyrir, Joan forseti.

Ómissandi ferðafélagi



Á haustfundinum í Munaðarnesi kynnti Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur nýjustu söluvöru sína „ferðapokann“. Um er að ræða okkar eigin framleiðslu á góðri hugmynd en slíkan poka hefur Steinunn Þóra systir okkar og flugfreyja notað á ferðum sínum erlendis árum saman. Pokinn er notaður til að láta fara vel um farangurinn í ferðatöskunni og munar miklu hvað fötin krumpast minna. Eins og sést á myndinni er pokinn í raun nokkrir pokar eða vasar fastir saman og hægt að flokka föt og aðrar nauðsynjar í þá eftir þörfum. Ferðapokinn er úr gegnsæju plastefni og kostar 1500 krónur.

Þær sem hafa áhuga á að kynna sér þennan ágæta ferðafélaga eru vinsamlega beðnar um að hafa samband við Elínu Sigurvinsdóttur - 551 3048 / 862 3048 eða Erlu Björnsdóttur - 551 6363 / 848 8542.



Kópavogur

Menning og listir



Listasafn Kópavogs - Gerðarsafn

Sýningarsalir eru opnir:

Alla daga nema mánudaga: 11:00-17:00

Skrifstofa opin: 9:00-12:00 og 13:00-17:00

Aðgangseyrir: 300 kr.

Aðgangur er ókeypis á föstudögum

Hamraborg 4
200 Kópavogi
Sími 570 0440
og 570 0442
Fax 570 0441
www.gerdarsafn.is



LISTASAFN KÓPAVOGS
GERÐARSAFN



Bókasafn Kópavogs

Bókasafnið er opið:

Mánudaga til fimmtudaga kl. 10.00 - 20.00;

föstudaga kl. 11.00 - 17.00;

laugardaga og sunnudaga kl. 13.00 - 17.00

Hamraborg 6a
200 Kópavogur
Sími 570-0450
Fax: 570-0451
www.bokasafnkopavogs.is



Salurinn, Tónlistarhús Kópavogs

Skrifstofa Salarins er opin virka daga kl. 9 - 16.

Bókanir og nánari upplýsingar í síma 5 700 400.

salurinn@salurinn.is

Miðasala opin virka daga 9:00-16:00

og klukkustund fyrir tónleika.

Hamraborg 6
200 Kópavogur
Sími 5 700 400
www.salurinn.is



Salurinn



Náttúrufræðistofa Kópavogs

Sýningarsalir eru opnir sem hér segir:

Mánudaga til fimmtudaga kl. 10-20

Föstudaga kl. 11-17

Laugardaga og sunnudaga kl. 13-17

Aðgangur er ókeypis

Hamraborg 6a
200 Kópavogur
Sími 570-0430
www.natkop.is



Náttúrufræðistofa Kópavogs
Natural History Museum of Kópavogur

